

Til Mosfellsbæjar

Við undirritaðir eigendur Vefarastrætis 8-14 mótmælum harðlega auglýstri tillögu um breytingu á deiliskipulögum sem ætlað er að heimila nýja aðkomu að raðhúsallengjunni við Uglugötu 14-20 frá Vefarastrætis botnlanganum. Gerum það m.a. af eftirfarandi ástæðum.

1. Tillagan er fram kominn til að leysa byggingaraðila frá mistökum sínum við frágang lóða og gatna á reitnum Uglugata 2-24 þar sem hann lagði götur inn á svæðinu um 1 metra hærra en lóðarblað og lóðarteikning sagði til um og fyrir bragðið er aðkoma að raðhúsallengjunni Uglugötu 14-20 ill möguleg. Vísað er til bókunar í 10. lið 493 fundar skipulagsnefndar frá 13.9.2019 þar sem niðurstöður hæðarmælinga fylgja fundargerð. Besta og farsælasta lausnin fyrir raðhúsin er að láta byggingaraðila laga mistök sín og fylgja gildandi deiliskipulagi. Enda skýrt í umræddri bókun að ábyrgðin er hans. Að fría byggingaraðila frá fyrirhöfn og kostnaði við að leiðrétta mistök sín er fordæmi sem á ekki að gefa. Hvað þá leifa honum að velta vandanum yfir á nágranna reitsins og aðra íbúa.
2. Eigendur raðhúsanna í Uglugötu 14-20 eru sagðir milli steins og sleggju. Byggingaraðili neitar þeim um umsamda (keypta) aðkomuleið gildandi deiliskipulags en sameigendur á reitnum Uglugata 2-24 eru þegar með sínar götur frágegnar. Götur reitsins eru sameign og þannig er þetta sameiginlegt vandamál reitsins og á að leysast innan hans enda allar forsendur til þess. En ekki leyfa að ábyrgðaaðili leysi sig frá því á kostnað annarra.
3. Það virkar illa á gesti hverfisins og er yfirmáta hallærislegt ef aðkoma að húsum við Uglugötu verður frá annarri götu. Skipulagsmistök í nýju hverfi sem eru Mosfellsbæ ekki til framdráttar.
4. Gestir raðhúsallengjunnar við Uglugötu 14-20 munu ekki hafa möguleika að leggja í önnur bílastæði en bílastæðin sem tilheyra Vefarastrætis 8-14 samkvæmt tillögunni. Við hvert raðhús eru þó tvö stæði en eigendur þeirra sætta sig ekki við að þau séu samnýtt af öðrum en eru tilbúnir að láta gesti sína nota stæði okkar í Vefarastrætis 8-14. Þetta sættum við eigendurnir stæðanna okkur ekki við. Heldur ekki að gestirnir leggi á stígin eða á gangstéttir eins og þeir gera í dag.
5. Aðkoma í gegnum Vefarastrætis botnlangann þýðir aukna umferð og hraðakstur þegar búið verður að ganga frá aðkomuleið og stíg. Þetta er bein leið undan halla og ekki bætir úr að það er bein sjónlína niður á Uglugötu. Í dag eru daglega einn eða fl. bílar að snúa við þegar þeir sjá gula fiskikerið á göngustígnum sem lokar leiðinni niður á Uglugötu. Ef göngustígur á að vera leið fyrir neyðarakstur ein og aðrir hlutar stígsins, verður augljóslega gegnumakstur niður á Uglugötu frá Vefarastræti. Af því skapast aukin hættu og ónæði.
6. Göngustígurinn frá Varmárstígnum upp á Vefarastrætið er öruggasta og greiðasta leiðin fyrir aðra en bíla í gegnum Helgafellshverfið vestanvert. Notkun hans er þegar mjög mikil og fer vaxandi enda leiðin að Ærslabelg, íþróttasvæðinu að Varmá, útivistarsvæðum við Varmá og að stoppistöð og Helgafellsskóla. Tillagan gerir ráð fyrir

